

Umhverfisstofnun
Áb. _____
02. nóv. 2015
Tilv. _____

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



Reykjavík 27. október 2015
UST201510-147/B.S.
10.05.01

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - efnistaka sunnan Högnhöfða. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 14. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Ráðgert er að taka um 30.000 m³ af efni úr námunni og er lagt til í greinargerð að framkvæmdaleyfi verði gefið út til tveggja ára. Fyrirhugað námusvæði er í útjaðri fjarsvæðis vatnsverndar.


Umhverfisstofnun telur að þar sem um er að ræða efnistöku sem útheimti ekki viðveru margra tækja á námusvæðinu í einu eigi að vera unnt með góðu viðhaldi og eftirliti með tækjum að draga verulega úr hættu á mengunarslysum í námunni. Af þeim sökum telur Umhverfisstofnun ekki líklegat að fyrirhuguð efnistaka muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Umhverfisstofnun vill hins vegar benda á að fyrirhugað námusvæði er í mjög fallegu umhverfi og ætti því að leggja mikla áherslu á að ummerki um efnistöku verði sem minnst. Stofnunin vill benda á þann möguleika að í stað þess að leggja nýjan veg á jaðri eldri námu eigi að kanna hvort betur færi á því að leggja veginn um námubotninn og brjóta bakka gömlu námunnar betur niður þannig að náma falli betur að landi. Með þessu móti væri vegurinn lægri í landi, fyrirhuguð efnistaka ekki jafn sýnileg og auðveldara ætti að vera að ná upp gróðri í námunni.

Umhverfisstofnun telur áætlun um efnistöku góða en gera hefði mátt skýrari greinarmun á efnistöku og efnisvinnslu.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Sigríður Kristjánsdóttir
Sviðsstjóri